

Lionssöngurinn:

*Þeir gleðjast æ, sem góðum málstað þjóna,
hver göfug hugsjón tengir vinabönd.*

*Og það er takmark allra landsins ljóna
að líkna sjúkum, rétta hjálparhönd.*

*Og týnum aldrei trú á máttinn hljóða
en tendrum ljós svo myrkrið víki á braut.*

*Það yrði farsælt framlag allra þjóða
í friði og eining leysa hverja þraut.*

(Ljóð: Aðalheiður Þórarinsdóttir, Lag: Litla flugan, Sigfús Halldórsson)

(Gunnar Ásgeirsson færði hreyfingunni lagið í nafni klúbbfélaga síns í Lkl.Ægi, Sigfúsar Halldórssonar á fjöllumdæmisþingi árið 1977 þegar Gunnar varð umdæmisstjóri. Sigfús Halldórsson hafði þá samið lag við ljóðið. Aðalheiður var frá Ytra Ósi við Hólmavík, en maður hennar Magnús Gunnlaugsson var í Lkl. Hólmavíkur og sá klúbbur hafði sungið lagið á klúbbfundum undir laginu "Hvað er svo glatt". heimild: úr bók Svavars Gestssonar af bls.278 og 279)